



## UPPBYGGING GRÓÐURHÚSA OG BORUN EFTIR JARÐSJÓ VIÐ PATTERSON-SVÆÐIÐ

Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum um  
matsskyldufyrirspurn

September 2024

23450

[https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint\\_28/Project2553/Documents/Matsskyldufyrirspurn/Umsagnir/23450\\_Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum \(240904\).docx](https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_28/Project2553/Documents/Matsskyldufyrirspurn/Umsagnir/23450_Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum (240904).docx)

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	04.09.2024	HBB	SGT	HBB

**Unnið af:**

VSÓ Ráðgjöf  
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

[www.vso.is](http://www.vso.is)

**Unnið fyrir:**

algae capital • Algae Capital  
Holland

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Viðbrögð við umsögnum</b>	<b>3</b>
1.1	Isavia	3
1.2	Minjastofnun Íslands	6
1.3	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	7
1.4	Náttúrufræðistofnun Íslands	8
1.5	Orkustofnun	8
1.6	Reykjanesbær	9

## 1 Viðbrögð við umsögnum

Kynningartími matsskyldufyrirspurnar var til 6. Júní 2024.

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum frá átta aðilum og bárust umsagnir frá sex þeirra. Tafla 1 gerir grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf sé á viðbrögðum.

Tafla 1.1 Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum Algae Capital

Umsagnaraðili	Dagsetning	Viðbrögð Algae Capital
Isavia	5. júní 2024	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1
Minjastofnun Íslands	6. júní 2024	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.2
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	7. júní 2024	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.3
Náttúrufræðistofnun Íslands	12. júní 2024	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.4
Orkustofnun	28. júní 2024	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.5
Reykjanesbær	9. júlí 2024	Ekki þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.6

### 1.1 Isavia

Í umsögn segir:

*Ljósmyndun:* Isavia telur að helstu áhrif af fyrirhugaðri uppbyggingu á starfsemi flugvallarins gætu verið ljósmengun. Fram kemur í samantekt VSO að ljósmengun sé skilgreind í samræmi við byggingarreglugerð gagnvart umhverfinu og ljósmengun. Rétt er að áréttu að í þessu samhengi telur Isavia að einnig gildi ákvæði laga um loftferðir nr. 80/2022 þar sem 144 gr. um verndun flugvallarumhverfis og 150. gr. Kvaðir og nauðsynlegar úrbætur í þágu flugöryggis sem og 186 gr. um tilkynningarskyldu um hindranir og truflanir vegna umferðar í lofti.

Ljósmagnið hefur því ekki eingöngu áhrif á óhóflega lýsingu í nætur myrkri heldur er það einnig skilgreint sem hindrun gagnvart flugöryggi. Í þessu samhengi má benda á að sækja þarf sérstaklega um uppsetningu hindrana til lengri eða skemmri tíma t.d. uppsetningu krana sem telst vera hindrun.

Vísað er til kvartana og tilkynninga sl. vetur sem bárust Isavia vegna aukins ljósmagns frá núverandi verksmiðju Algalíf á Ásbrú, vegna aukinnar framleiðslu (nýrri framleiðslu startað) samhliða aukins sýnileika þar sem var dimmt úti. Tilkynningar bárust rekstraraðilum flugvallarins um að ljósmagnið hefði truflandi áhrif á flugmenn sem voru í aðflugi (áhrif á aðflugsljós). Ljósíð er mjög bjart og er nærri flugleið / lokastefnu loftfara.

Keflavíkurflugvöllur er staðsettur nærri fyrirtækinu, starfsemin er viðkvæm og því nauðsynlegt að mildunarráðstafanir sem skilgreindar eru t.d. myrkvunargardínur eða slíkt sé skilyrt.

- Skilgreina hvaða tímabil er um að ræða sem telst vera myrkast og gardínur verða fyrir gluggum og þaki.
- Tilkynna til flugvallarins fyrirfram um breytingar t.d. ef nauðsynlegt er að draga frá yfir myrkvasta tímum þannig að flugvöllurinn geti gefið út tilkynningu til flugmanna (Notam sem tilgreinir hindrun og tímabil).
- Skoða þarf hvort ljósið dreifist þegar um er að ræða lágskyggni en þá taka við sérstakir ferlar á flugvælinum til að auka öryggi.

Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar: Isavia telur einnig rétt að benda á skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar sem hafa verið settar af Ráðherra vegna hindranasvæða og takmörkunar á notkun sýnilegra leysigeisla eða sambærilegra ljósa. Slíkar reglur geyma m.a. fyriræli um:

- Skipulags innan flugvallarsvæðisins.
- Starfsheimildir og starfsemi aðila sem starfa innan svæðisins.
- Svæði utan flugvallar þar sem þykir rétt að setja takmarkanir á hæð mannvirkja og annarra hluta.
- Svæði utan flugvallar þar sem rétt er að setja takmarkanir á notkun sýnilegra leysigeisla eða sambærilegra ljósa, enda séu slíkar kvaðir eða fyrirmæli nauðsynleg í þágu almenns öryggis

Sjá hér að neðan:

[skipulagsreglur-keflavikurflugvallar---greinagerd-og-skilmalar.pdf \(isavia.is\)](#)

<https://www.isavia.is/media/1/skipulagsreglur-keflavikurflugvallar.pdf>

Varðandi viðmiðunargildi fyrir ljósstyrk í skipulagsreglunum, undirkafla 2., skilmálar (C liður) þá er fjallað um svæði með banni eða takmörkunum á notkun sýnilegra leysigeisla eða sambærilegra ljósa. Það er talað um ljósstyrk o.fl. sem ætti að nýtast við að draga úr ljósmengun eða skilgreina þau gildi sem að hámarki ættu að vera á starfseminni. Sjá leiðbeiningar að neðan.

- *Svæði/loftrými án leysigeisla og sambærilegra ljósa (LFFZ, Laser-beam free flight zone):*  
Svæði/loftrými næst flugvellinum, upp í 600 m hæð, sem nær 3.700 m frá miðju flugbrauta og brautarendum, auk svæða í framhaldi af öllum flugbrautum sem eru í notkun, 5.600 m langt og 750 m breitt til hvorrar handar, frá miðlinu flugbrauta, eins og nánar er sýnt á uppdrætti. Innan þessa svæðis er bannað að nota leysiljós eða sambærileg ljós sem geta valdið truflun á sýn flugmanna/flugstjórnenda. Ljósstyrkur slíkra ljósa innan svæðisins má ekki vera hærri en 50 nW/cm<sup>2</sup> nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til að tryggja að ljósið trufla ekki flugumferð.
- *Svæði/loftrými sem viðkvæmt er fyrir notkun leysigeisla eða sambærilegra ljósa (LCFZ, Laser-beam critical flight zone):*  
Svæði/loftrými sem nær í 18.500 m radius frá viðmiðunarpunkti flugvallarins (ARP) og upp í allt að 3.000 m hæð, eins og nánar er sýnt á uppdrætti. Innan þessa svæðis má ljósstyrkur leysigeisla eða sambærilegra ljósa ekki vera hærri en 5 µW/cm<sup>2</sup> nema gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að ljósið trufla ekki flugumferð.
- *Svæði/loftrými ólíklegra leysigeisla eða sambærilegra ljósa (LSFZ, Laser-beam sensitive flight zone):*  
Svæði/loftrými, utan LFFZ og LCFZ, sem nær í 25.000 m radius frá viðmiðunarpunkti flugvallarins (ARP) og upp í allt að 10.500 m hæð, eins og nánar er sýnt á uppdrætti. Innan þessa svæðis má ljósstyrkur leysigeisla eða sambærilegra ljósa ekki vera hærri en 100 µW/cm<sup>2</sup> nema gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að ljósið trufla ekki flugumferð.

## Viðbrögð Algae Capital:

*Samanber umfjöllun í matsskyldufyrirspurn mun HPS innréttingar gefa af sér birtu sem svípar til sólarljóss og LED innréttingin gefur PAR lýsingu sem hjálpar til við ljóstillífun. Ekki er verið að nota leysigeisla eða sambærileg ljós við gróðurhúsið.*

*Notast er við myrkratjöld Svensson Obscura 10070 FR WB+BW í gróðurhúsunum á Patterson-svæðinu sem mótvægisáðgerð gegn ljósmengun. Komin er yfir 25 ára reynsla af notkun myrkratjalda í gróðurhúsum í Hollandi, þar sem gluggatjöldin eru hönnuð og þróuð. Algae Capital hefur reiknað út mögulega ljósmengun og tímasett notkun myrkratjalda sem hefur verið sett upp í áætlun, sjá viðauka 1. Niðurstaða útreikninganna er að í gróðurhúsinu á Patterson mun lokast á allt að 98% birtu frá gróðurhúsinu þegar tjöldin eru notuð. Þetta er sjálfvirkt kerfi sem verður stýrt af tölvu sem mun stýra myrkratjöldunum eftir fyrrnefndir áætlun. Framkvæmdaraðili mun tilkynna Isavia fyrirfram um breytingar á áætlun fyrir myrkratjaldakerfið, þannig að flugvöllurinn geti gefið út tilkynningu til flugmanna ef þess gerist þörf. Því er talið að lýsing frá gróðurhúsunum muni ekki hafa áhrif á nærliggjandi byggð né starfsemi.*

*Fulltrúar Reykjanesbæjar og Kadeco fóru í skoðunarferð í gróðurhús Algae Capital í Hollandi til að skoða virkni slíkra tjalda. Eftir ferðina voru fulltrúarnir sannfærðir um að myrkratjöldin komi í veg fyrir ljósmengun frá gróðurhúsum á nóttunni.*

*Í kjölfar umsagnar Isavia boðaði Algae Capital fund um ljósmengum. Á fundinum voru þar fulltrúar frá Algae Capital, Isavia, Landhelgisgæslunni, skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar og VSÓ Ráðgjöf. Á fundinum var farið yfir virkni þeirra áðgerða sem verða í gróðurhúsum og reynslu sem hefur skapast á þeim 25 árum sem þær hafa verið notaðar.*

*Niðurstaða fundarins var að almenn sátt er um mótvægisáðgerðina sem myrkratjöldin eru gegn ljósmengun og ekki talið að starfsemin á Patterson muni draga úr öryggi Keflavíkurflugvallar. Lögð var áhersla á að mannvirkin verða byggð í áföngum og því hægt að meta hvort virkni mótvægisáðgerða sé í samræmi við væntingar áður en hafist er handa við uppbyggingu næsta áfanga gróðurhússins. Fundargerð má sjá í viðauka 2.*

*Framkvæmdir eru í samræmi við þær hæðartakmarkanir sem gilda umhverfis Keflavíkurflugvöll, þ.e. að hæð mannvirkja fer ekki yfir sett mörk.*

## 1.2 Minjastofnun Íslands

Í umsögn segir:

Í matsskyldufyrirspurn þessari eru eftirfarandi umhverfispættir teknir fyrir; ljósmengun, umferð, vatnafar og vatnsgæði, landslag og áskýnd, fornleifar, lífríki, hljóðvist og ferðaþjónusta og útivist. Varðveisla og nýting menningarminja á svæðinu gæti snert þrjá af þessum umhverfispáttum, þ.e. vernd fornleifa, varðveislu menningarlandslags og nýtingu og aðráttarafl minja fyrir ferðaþjónustu og útivist.

Minjastofnun hefur áður gefið umsögn um breytingar á deiliskipulagi vegna stækkunar lóða við Vogshól á Patterson-svæðinu, dagsett 9. febrúar 2024. Þar kom fram að fornleifar hafi verið skráðar í tengslum við aðskipulagsgerð í Reykjanesbæ og að engar þekktar fornleifar hafi verið á umræddu svæði. Hins vegar hafi svæðið ekki verið kannað á vettvangi eins og krafist er vegna deiliskipulagsgerðar, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og þurfi slík úttekt að liggja fyrir áður en skipulagið er afgreitt. Sú skráning hefur enn ekki borist Minjastofnun. Til þess að stofnunin geti gefið umsögn um fornleifar á svæðinu í tengslum við matsskyldufyrirspurn þessa þurfa þessi gögn að liggja fyrir.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur skammt norðan við A/V braut Patterson flugvallar en að vestanverðu ná skipulagsmörk alveg út að N/S brautinni. Fullyrða má að Pattersonflugvöllur sé á meðal best varðveittu herminjastaða landsins, en hann var byggður af Bandaríkjaher og fyrst tekinn í notkun sumarið 1942. Hann varð mikilvægur áningarstaður herflugvéla sem áttu viðkomu hér á leið sinni yfir Atlantshafið til árasa á Þýskaland. Einnig þurfti góða bækið fyrir sprengju- og eftirlitsflugvélar við Íslandsstrendur og var fljótlega ráðist í byggingu á stórum flugvelli uppi á Háaleiti, skammt vestan við Pattersonvöll og fékk hann nafnið Meeksflugvöllur sem nú nefnis Keflavíkurflugvöllur, en hann var tekinn í notkun árið 1943. Alls störfuðu um 3000 manns við byggingu þessara flugvalla þegar mest var, aðallega menn á vegum byggingarsveita hersins. Starfrækslu Pattersonflugvallar var hætt í stríðslok, en almennt millilandflug hófst þá um Meeksvöll. Pattersonvöllur var innan varnarsvæðis Keflavíkurflugvallar og þjónaði hernum allt þar til hann fór á brott árið 2006. Meðfram flugbrautum Pattersonvallar voru reist skotfærageymslum og sprengjuskýlu sem enn standa og setja mikinn svið á landslagið.

Minjastofnun telur þessar menningarminjar hafa mikið varðveislugildi og til athugunar er að friðlýsa þetta einstaka menningarlandslag að einhverjum hluta (sbr. 18 laga um menningarminjar) og er þá sérstaklega horft til A/V brautarinnar ásamt skotfærageymslum. Í tengslum við deiliskipulagsgerðina var óskað eftir samtali við sveitarfélagið um það mál.

Mikilvægt er að mótuð verði einhver framtíðarsýn um skipulag svæðisins, hvað skuli varðveita og hvernig best sé staðið að því þannig að framkvæmdir og uppbygging á svæðinu taki fullt tillit til þeirra verðmæta sem felast í menningarlandslaginu.

Í tengslum við ferðaþjónustu og útivist má benda á að á svæðinu felast mikil tækifæri til að gera það aðgengilegt, skiljanlegt og spennandi – til fræðslu og kynningar. Herminjar, sem falla undir nýminjar, bæði frá síðari heimsstyrjöld og kaldastríðsminjar, eru vitnisburður um merkilega viðburði í sögu þjóðarinnar og heimsins alls og getur verið mikil upplifun fyrir bæði heimamenn og ferðafólk að skoða þessa staði.

Varðandi sjálf framkvæmdarsvæðið fyrir þörungaframleiðsluna þá þarf að ljúka þar skráningu fornleifa svo ganga megi úr skugga um að þar lendi ekkert í uppnámi sem

nýtur friðunar samkvæmd lögum og menningarminjar. Varðandi menningarlandslag Patterson-flugvalar yrði áhrif uppbyggingar fyrst og fremst sjónræn og gæti þannig haft áhrif á upplifun ferðamanna sem sækja minjastaðinn heim, en nefna má að suðurmörk lóða eru aðeins í 60 metra fjarlægð frá skotafærabyrgjunum við A/V flugbrautina. Pattersonflugvöllur er einstakur minjastaður á Íslandi og ber að varðveita, eða valda hluta hans, fyrir komandi kynslóðir

## Viðbrögð Algae Capital:

*Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 eru engar skráðar fornleifar á svæðinu sem eru eldri en 100 ára og engar friðlýstar minjar eru innan svæðis. Í því samhengi ber að nefna að herminjar eru ekki verndaðar af þjóðminjalögum þar sem þær eru ekki orðnar hundrað ára gamlar. Líkt og kemur fram í matsskyldufyrirspurninni verður fornleifafraeðingur fenginn til að fara um svæðið áður en sótt verður um byggingarleyfi, unnið er að skráningu minja á svæðinu. Minjastofnun Íslands verður tilkynnt um niðurstöður þeirrar skráningar.*

*Ef talið er nauðsynlegt að raska fornleifum verður leitað leyfis Minjastofnunar Íslands sbr. 22. grein laganna, þar sem kveðið er á um að hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis séu óheimilar án leyfis stofnunarinnar. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laganna, verður haft samband stofnunarinnar og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.*

*Stefna sveitarfélagsins hefur lengi verið að byggja upp athafnasvæði á Patterson-svæðinu samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanes 2020-2035 og Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024. Aðalskipulagið segir að lóðirnar á svæðinu henti vel til tilrauna og þróunarstarfsemi, og annarri þrífalegri starfsemi. Svæðisskipulag Suðurnesja segir að á atvinnusvæði B, sem að Patterson-svæðið er staðsett á, sé unnið að því að byggja upp aðstöðu fyrir hugverkaiðnað og gagnaver. Uppbygging á gróðurhúsunum er í samræmi við þessar áherslur.*

## 1.3 Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Í umsögn segir:

Í matsskyldufyrirspurninni eru dregnir upp þeir þættir sem embættið tekur helst til skoðunar t.a.m. ljósmengun, hávaðamengun, fráveitulausnir, umhverfiþættir og útgefandi starfsleyfi. Fjallað er um varnir til að lágmarka eða koma að fullu fyrir mengun vegna ofantalinna atriða. Vert er þó að benda sérstaklega á að jarðboranir eru starfsleyfisskyldar.

**Viðbrögð Algae Capital:** *Algae Capital mun sækja um starfsleyfi vegna jarðborana þegar það á við í ferlinu.*

Í umsögn segir:

Vakin er athygli á að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum var setuliðið með aðsetur á reitnum sem og flugbraut og má því af gefinni reynslu embættisins áætla að úrgangur og önnur mengun finnist í jarðvegi á framkvæmdareitnum. Mikilvægt er að lóðareigandi ráðist í greiningarvinnu og kortlagningu á megnun í jarðvegi á reitnum í samræmi við gr. 15.1.2. í byggingareglugerð nr. 112/2012 áður en framkvæmdir hefjast.



Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur nægilega gert grein fyrir öðrum þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki frekari ábendingar eða athugasemdir við matsskyldufyrirspurnina.

**Viðbrögð Algae Capital:** *Algae Capital mun ráðast í viðeigandi greiningarvinnu á möguleika mengunar í jarðvegi á reitnum í samræmi við byggingarreglugerð áður en framkvæmdir hefjast. Ef mengun finnst verða viðbrögð í samræmi við reglugerð um mengaðan jarðveg nr. 1400/2000 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits.*

## 1.4 Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn segir:

Algae Capital B.V. áformar uppbyggingu að Vogshól – Sjónarhól staðsett sunnan Fitja í Reykjanesbæ við Patterson-svæðið vegna þörungaframleiðslu. Fyrirhuguð er uppbygging á gróðurhúsum, aðalbyggingu fyrir starfsemi fyrirtækisins og borun fyrir jarðsjó. Í svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 segir að á atvinnusvæði B, sem að Patterson svæðið er staðsett á, sé unnið að því að byggja upp aðstöðu fyrir hugverkaiðnað og gagnaver. Uppbygging á gróðurhúsunum er í samræmi við þessar áherslur. Skipulagssvæði er alfarið utan verndarsvæða. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 eru engin vatnsverndarsvæði innan eða í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og tekur undir þá niðurstöðu hennar að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa mikil umhverfisáhrif. Svæðið er utan verndarsvæða og því hefur þegar verið raskað að verulegu leyti. Talið er ólíklegt er að sjótakan hafi áhrif á ferskvatnslinsuna sem flýtur ofan á en mikilvægt er að fylgst verði vel með hvort einhverjar breytingar verði eftir því sem sjótakan eykst.

Rétt er þó að nefna að á Njarðvíkurheiði, við norður-suður flugbrautina, hefur fundist set með steingerðum fornskeljum (Náttúrufr. 65. árg, bls. 107-111) sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Ekki er vitað til að fornskeljar finnist á framkvæmdasvæðinu en mikilvægt er að ef skeljar finnist við framkvæmdirnar þá verði það tilkynnt til Náttúrufræðistofnunar.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

**Viðbrögð Algae Capital** *Algae Capital mun tilkynna til Náttúrufræðistofnunar Íslands ef fyrrnefndar fornskeljar finnst á framkvæmdarsvæðinu.*

## 1.5 Orkustofnun

Í umsögn segir:

Orkustofnun hefur kynnt sér erindi Skipulagsstofnunar og greinargerð framkvæmdaraðila um tilkynninguna. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar, hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum. Með auðlindum er í lögunum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnst við. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt, er því háð leyfi Orkustofnunar. Nýtingarleyfi samkvæmt auðlindalögum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögunum og Orkustofnun telur nauðsynlega.

Samkvæmt lýsingu í greinargerð framkvæmdaraðila er gert ráð fyrir borun á allt að fjórum sjódælingarholum og gert er ráð fyrir því að við fullan rekstur verði teknir að meðaltali 5 l/s af jarðsjó.

Orkustofnun bendir á að grunnvatnsaðstæður á Reykjanesskaga eru um margt óvenjulegar þar sem tiltölulega þunnt lag af fersku grunnvatni rennur ofan á fullsöltum jarðsjó. Samspil fersks og salts grunnvatns er háð viðkvæmu jafnvægi sem byggir á mismunandi eðlisþyngd og víða gætir sjávarfalla í grunnvatnsgeyminum tugkílómetra frá ströndu. Við upptöku vatns breytist eðli jafnvægis og við ofnýtingu blandast salt grunnvatn inn í ferskvatnslinsu og getur skemmt hana til langs tíma. Ferskvatnslinsan þynnist til sjávar og við ströndina gætir seltuáhrifa frá sjó og/eða blöndunar við jarðhitavatn.

Tilgreint er í greinargerð framkvæmdaraðila að hann telji að miðað við hve takmörkuð vatnstaka sé áformuð sé lítil hættu á að hún valdi þrýstingsfalli eða misþyngdarstraumi í ferskvatnslinsunni. Í greinargerðinni er í þessu sambandi vísað til skýrslu ÍSOR frá árinu 2016, en hún hvorki fylgir með matsskyldufyrirspurn né er aðgengileg Orkustofnun og því liggja forsendur ályktunarinnar ekki fyrir. Ekki liggja fyrir upplýsingar um lekt eða vatnsgæfni jarðlaga, þykkt ferskvatnslinsu ofan á jarðsjó né eru settar fram upplýsingar um áformaða dýpi borhola og vatnstöku. Bendir Orkustofnun á að berist stofnuninni umsókn um nýtingarleyfi til töku grunnvatns (jarðsjávar) verða þessar upplýsingar að liggja fyrir.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við tilkynningu Algae capital.

## Viðbrögð Algae Capital

*Líkt og kemur fram í matsskyldufyrirspurninni verður sótt um viðeigandi leyfi til Orkustofnunnar bæði samkvæmt vatnalögum nr. 132/2011 og samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 vegna nýtingarleyfi.*

## 1.6 Reykjanesbær

Mál uppbyggingar á Patterson-svæðinu var tekið fyrir hjá bæjarráði Reykjanesbæjar, þann 9. júlí 2024. Fundargerð bæjarráðs Reykjanesbæjar segir eftirfarandi:

*„Uppbygging gróðurhúsa og borun eftir jarðsjó við Patterson svæðið (2023100048)*

*Skipulagsstofnun óskar umsagnar um framkvæmd sem felst í uppbyggingu á gróðurhúsum, aðalbyggingu fyrir starfsemi fyrirtækisins og borun fyrir jarðsjó við Patterson svæðið í Reykjanesbæ.*

*Reykjanesbær gerir ekki athugasemd við niðurstöðu mats.“*